

D I N G G E R Ø

22. ÅRSPINGS KKI

15. mai 1982

o - 0 - o

Árþing KKI 15. maí 1982

P I N G G E R Ð

Þingsetning:

Kristbjörn Albertsson, formaður KKI, setti þingið. Í setningsræðu minntist hann Reynis Guðmundar Jónassonar, sem fórst af slysförum nú í vor.

Kosning starfsmanna þingsins:

Kosnir voru fastir starfsmenn þingsins skv. tilnefningu.

Forseti: Kristinn Guðnason
Varaforseti: Örn Andrésson
Ritari: Þórdís Anna Kristjánsdóttir

Síðan voru eftirtaldir kosnir í fastanefndir þingsins:

Kjörbréfanefnd: Helgi Ágústsson
Gylfi Kristinsson
Kristinn Ó. Magnússon
Fjárhagsnefnd: Kristinn Guðnason
Agnar Friðriksson
Þórdís Anna Kristjánsdóttir
Laga- og leikreglnanefnd:
Halldór Halldórsson
Axel Nikulásson
Lárus Hólm
Allsherjarnefnd: Steinn Sveinsson
Skúli Skúlason
Gunnar Þorvarðarson
Kjörnefnd: Guðni Ölversson
Einar Bollason
Kristinn Stefánsson

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa og fór yfir kjörbréfin. Fann hún ekkert athugasvert við þau og löglegir fulltrúar voru því:

KKRR 20 fulltrúar:

Guðmundur Hallgrímsson
Torfi Magnússon
Lárus Hólm
Auðunn Ágústsson
Sigurður Hjörleifsson
Jón Steingrímsson
Kristinn Ó. Magnússon

Kristinn Guðnason gjaldkeri KKÍ lagði fram endurskoðaða reikninga starfsársins.

Þegar hér var komið sögu var langt liðið á morguninn. Hannes Þ. Sigurðsson fulltrúi frá ÍSÍ kvaddi sér þá hljóðs og ávarpaði þingið. Flutti hann körfuknattleiksmönnum kveðjur frá ÍSÍ. Hafði hann orð um, að ársskýrsla KKÍ væri mjög góð, því að hún inniheldur ýtarlegar og greinargóðar upplýsingar um allt okkar starf. Hann sagðist ekki fyrr hafa séð landsliðsmálin tekin svona alveg sérstaklega áður og taldi að jafnvel gæti einhver af okkur lært. Nú rakti hann svona það nýjasta í málum ÍSÍ (eða íþróttahreyfingarinnar).

Afsláttarsamningur ÍSÍ og Flugleiða. Taldi þegar hafa sparast um ein milljón króna.

Samningar um innanlandsflug hafa verið endurnýjaðir. Þar eiga hlut að máli bæði Flugleiðir og Arnarflug.

Taldi hann Ríkisútvarpið - Sjónvarp hafa verið að stríða okkur. Þó telur hann að stóru samböndin, HSÍ, KSÍ og KKÍ, hafi viðunandi samninga, en hin minni hafi hingað til verið úti í kuldanum. Hafi það máli verið leyst með heildarsamningi 14 smærri sambanda. ÍSÍ hefur staðið fyrir mánaðarlegum blaðamannafundum og hefur það gefist ágætlega.

Nú hefur hafist eftirlit með lyfjanotkun íþróttamanna, en ennþá hefur ekki orðið vart við neitt. Þó er full ástæða til að vera vel á verði.

Minntist síðan á fjárhagserfiðleika og taldi að íþróttahreyfingin ætti að nýta betur tekjumöguleika getraunanna.

Hann taldi okkur vera komin vel af stað í menntunarmálum. Einnig sagði hann að áhugaleysi íþróttafélaganna sjálfra væri víðar vanda-mál en í körfuknattleik.

Telur hann útlendingana hafa tvímælalaust verið mikil lyftistöng fyrir körfuknattleikinn, hvaða ákvörðun sem við ættum nú að taka.

Óskaði hann okkur síðan alls góðs og vonaði að við tækjum góðar og skynsamlegar ákvarðanir á þessu ársþingi.

Hannesi voru þökkun góð orð með lófataki.

Þá var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga KKÍ.

Einar Bollason var einn um að taka til máls (aldrei slíku vant!).

Þinginu var framhaldið kl. 14. Þá voru teknar fyrir breytingar-
tillögur, sem fastanefndirnar höfðu athugað í þinghléi.

Fyrst kom formaður Allsherjarnefndar, Steinn Sveinsson. Þeir
höfðu til umfjöllunar breytingartillögu við reglugerð varðandi
auglýsingar á búningum og búnaði.

Breytingartillagan var svohljóðandi:

"Falli niður greinar 4 - 8."

Nefndin mælti með, að tillagan yrði samþykkt. Svo varð og reyndin.
Samþykkt samhljóða.

Þá kom formaður laga- og leikreglnanefndar Halldór Halldórsson
og lagði fyrir breytingarnar, eina í senn.

Breytingartillaga við lög KKÍ 17. grein. Við bætist:

"Er mál hefur borist dómstóli KKÍ, skal
það tekið fyrir innan 15 daga."

Engar umræður. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga við reglugerð um körfuknattleiksmót grein 11.
Niður falli málsgreinin:

"I. deild skal skipuð fimm liðum, sem leiki
fjórfaða umferð."

Í stað komi:

"I. deild skal skipuð sex liðum, sem leiki
fjórfaða umferð."

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið '82 - '83.

"Efsti lið II. deildar leikur í I. deild að
ári. Lið sem verður í öðru sæti II. deildar
leikur við næstu lið I. deildar einn leik um
laust sæti í I. deild."

Fram kom breytingartillaga frá Einari Bollasyni o.fl. um annað
bráðabirgðaákvæði:

"Næstefsta lið II. deildar 1982 leiki í
I. deild næsta keppnistímabil."

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða og síðan einnig breytingin
við 11. grein, einnig samhljóða. Mun því íV leika í I. deild
keppnistímabilið 1982 - 1983.

Gylfi Kristjánsson taldi, að áhugi og þar með körfubolti myndi detta alveg niður víða út um land, ef af þessu yrði. Við eigum að borga þeim lægri laun.

Skúli Skúlason sagði ÍBK alfarið á móti tillögunni. Leikmenn á öllum aldri ásamt áhorfendum vildu eindregið halda í þá. Stór hluti teknanna sé þeirra vegna. Sagði peningahliðina ævinlega hafa verið basl í öllum íþróttum. Landsliðsmenn fá ekki nógu sterka mótherja hér heima, ef þeir spila ekki gegn erlendum leikmönnum. Það væri eingin lausn á þjálfaravandanum að banna þá.

Gísli Gíslason tók undir orð þeirra, sem vilja hafna tillögunni. Það verður að finna nýjar leiðir til að reka deildirnar. Við munum missa fólk í handbolta, og við höfum ennþá ekki nægilega marga þjálfara til að taka við.

Halldór Halldórsson sagði tillöguflytjendur hafa velt öllum með- og mótrökum fyrir sér vandlega og samt komist að þeirri niðurstöðu, að koma með tillögunum.

Guðmundur Hallgrímsson mætti þá aftur í pontu og sagði:

"Við getum ekki rekið körfuknattleik á Íslandi n.t.t. handbolta. Leiktekjur hafa hriðminnkað. Það er tóm mál að tala um, leiktekjur sem tekjustofn. Við eigum ekki að hræðast sjálf okkur. Við þurfum að sleppa þeim fyrr eða síðar. Því fyrr því betra. Við verðum sjálf að leysa þjálfaramálin. Valsmenn eru raunsærir en ekki draumóramenn, þess vegna viðurkennum við, að þetta sé að kasta peningum. Það þarf að afla peninga, þótt Kanar séu ekki hér. Ekki þýðir heldur að tala um, að settur verði launarammi. Félögin mundu bara borga undir borðið."

Kristbjörn kom fram með tillögu þess efnis að atkævdagreiðsla væri leynileg eftir nafnakalli og var það samþykkt.

Einar Bollason kom nú loks í pontu. Fyrstu ár erlendra leikmanna á Íslandi voru mestu uppgangsár körfunnar. Sagði marga þjálfara ekki fá vinnu vegna peningaskorts félaganna. Varpaði fram þeirri spurningu, hvort fjáröflun yrði jafnmikil eftir sem áður, ef erlendir leikmenn yrðu bannaðir og yrði það notað í annað. Sér ekki að áhugi á þjálfaramálum breytist á einni nóttu. Hvatti fulltrúa til að vera víðsýna, horfa á meira en sitt félag.

TEKJUR:

Þátttökugj. ísl.mót	kr. 109.000,-
" bikarkeppni	" 31.000,-
Innkoma af leikjum	" 30.000,-
Tekjur af leikskrá	" 25.000,-
Sjónvarp og útvarp	" 55.000,-
Styrkur ÍSÍ	" 120.000,-
Skólamót	" 12.000,-
Aðrar tekjur	" 55.000,-
	<hr style="border-top: 1px dashed black;"/>
	Kr. 437.000,-

GJÖLD:

Launaðir starfsmenn	kr. 145.000,-
Rekstur skrifst. og mótahalds	" 85.000,-
Ferðakostnaður	" 12.000,-
Menntunarmál	" 25.000,-
Til rekstur karlalandsliða	" 130.000,-
ICEBASKET 1983	" 25.000,-
Unglingalandslið kvenna	" 15.000,-
	<hr style="border-top: 1px dashed black;"/>
	Kr. 437.000,-

Þátttökugjöld og dómara gjöld voru samþykkt þannig:

Íslandsmót:	úrvalsdeild	kr. 4.000,-
	1.d. karla	"
	og kvenna	" 2.500,-
	2.d karla	" 1.500,-
	Aðrir fl.	" 800,-

Bikarkeppni:	Meistarafll.	kr. 500,- á leik
	Aðrir flokkar	" 250,- á leik

Hækki með vísitölu vöru- og þjónustu nema bikarkeppni yngri flokka.

Dómaralaun:

Laun síðast liðins árs hækki með vísitölu vöru- og þjónustu: Skipting verði þannig:

60% til dómara
20% til dómaranefndar
20% til dómaranámskeiða

Önnur mál.

Einar Bollason benti á, að í skýrslu mótanefndar vanti úrslit í 1. flokki karla sem KR-ingar sigruðu og í 3. flokki kvenna, sem KR sigraði einnig.

Gylfi Kristjánsson kom upp með vísukorn, sem vonandi er rétt eftir haft:

Svart á hvítu sjá þeir nú
sængurnar útbreiddar.
Kannar munu áfram jú
krónur Vals fá greiddar.

Helgi Ágústsson nýkjörinn formaður ávarpaði þingfulltrúa. Hann sagðist nú ekki hafa neina stefnuræðu, en sagði að sér væru ofarlega í huga menntunarmál KKÍ.

Þakkaði fráfarandi formanni og stjórn störf liðins árs.

Kristinn Guðnason sleit síðan þingi, um leið og hann þakkaði góða þingsetu o.s.frv.